



Umhverfis- og
tæknisvið Uppsveita

Greinargerð með framkvæmdaleyfi Brúarvirkjunar

Efnisyfirlit:

1.	Umsókn um framkvæmdaleyfi.....	2
2.	Staðsetning framkvæmdar	2
3.	Umfang framkvæmdar	3
4.	Samræmi við skipulagsáætlanir	3
5.	Umsagnir umhverfissofnunar og náttúruverndarnefndar.....	4
7.	Lög og reglur.....	6
8.	Leyfi annarra leyfisveitenda.....	7
9.	Bókun skipulagsnefndar og sveitarstjórnar	7
9.1.	<i>Bókun skipulagsnefndar</i>	7
9.2.	<i>Bókun sveitarstjórnar</i>	13
10.	Skilyrði.....	17

1. Umsókn um framkvæmdaleyfi

HS Orka hf. sótti um framkvæmdaleyfi með umsókn, dags. 17. janúar 2018. Gögn sem fylgdu umsókninni eru eftirfarandi:

1. Greinargerð með umsókn um framkvæmdaleyfi, dags. 17. janúar 2018, ásamt eftirfarandi viðaukum:
 - 1.1. Viðauki 1 – Strenglögn frá Brú að Reykholti
 - 1.2. Viðauki 2 – Efnistaka og haugsetning
 - 1.3. Viðauki 3 – Botngróður og flóra í birkiskógi í fyrirhuguðu lónstæði Brúarvirkjunar við ármót Stóru-Grjótár og Tungufljóts
 - 1.4. Viðauki 4 – Straumendur við Tungufljót
 - 1.5. Viðauki 5 – Vöktunaráætlun fyrir fugla og gróður vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Brúarvirkjun í Tungufljóti
 - 1.6. Viðauki 6 – Samningur HS Orku og Skógræktarinnar um endurheimt birkiskógar og votlendis
 - 1.7. Viðauki 7 – Samráð við Umhverfisstofnun um endurheimt votlendis og birkikjarrs
 - 1.8. Viðauki 8 Tölvupóstur með samþykki eiganda Brúbisk ehf. um samning HS Orku hf. og Skógræktarinnar um endurheimt birkiskógar og votlendis vegna framkvæmda við Brúarvirkjun
 - 1.9. Viðauki 9 – Drög að áætlun um vöktun á lífríki Tungufljóts eftir byggingu Brúarvirkjunar
 - 1.10. Viðauki 10 – Samráð við Veiðifélagið Faxe og Veiðifélag Árnesinga
 - 1.11. Viðauki 11 – Leyfi Fiskistofu
 - 1.12. Viðauki 12- Samráð við Minjastofnun Íslands um merkingar fornleifa
2. Álit Skipulagsstofnunar
3. Matsskýrsla Brúarvirkjunar
4. Yfirlitsmynd
5. Umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000- 2012, Bláskógabyggð vegna Brúarvirkjunar í Tungufljóti
6. Virkjunarleyfi, dags. 24. apríl 2017
7. Leyfi Fiskistofu, dags. 15. desember 2017

2. Staðsetning framkvæmdar

Brúarvirkjun verður staðsett í efri hluta Tungufljóts í Biskupstungum, nánar tiltekið á svæðinu frá frístundabyggð ofan Þjóðvegur austan við Geysi í Haukadalsdal og upp að landamörkum Brúar og Hóla. Aðalstíflan liggur þvert yfir farveg Tungufljóts, úr landi Brúar yfir í land Haukadals rétt ofan við ármót Stóru-Grjótár og áfram yfir farveg Stóru-Grjótár og Spænuhúsakvíslar.

Fyrirhuguð lega stíflu er: A-440612, N-426598 64° 20.184'N, 20° 13.715'V
Fyrirhuguð lega stöðvarhúss: A-439536, N-425283 64° 19.465'N, 20° 15.018'V

Staðsetning mannvirkja, inntakslóns, jarðstrengs og fyrirhugaðra efnistöku- og haugsetningarsvæða eru nánar afmörkuð í gildandi skipulagsáætlunum og á yfirlitsmyndum umsóknar.

3. Umfang framkvæmdar

Áætlað er að verkið allt, með útboðshönnun, útboðum og samningagerð, taki um 24 mánuði að gangsetningu. Við byggingu virkjunarinnar er gert ráð fyrir að hámarks starfsmannafjöldi verði um 70 manns og er vinnuframlag áætlað um 65-70 ársverk. Flatarmál inntakslónsins verður 8,6 ha með um 100.000 m³ miðlunarrými. Virkjuð fallhæð er um 48 m og er gert ráð fyrir tveimur aflvélum.

Aðalstíflan er hefðbundin jarðstífla með kjarna, síu, stoðfyllingu og grjótvörn, en að hluta til mynduð úr lágum garði. Stíflan er í 173,8 m y.s og krónubreidd hennar er 6 m. Lengd stíflunnar að meðtöldum steiptum mannvirkjum, það er inntaki botnrás og yfirfalli, er um 590 m. Mesta hæð stíflunnar er um 12 m í Spænuhúsakvísl. Veituskurður verður grafinn á milli Tungufljóts og Stóru-Grjótár. Botnbreidd skurðarins verður 12 m og lengd hans um 125 m. Skurðurinn mun annars vegar flytja Tungufljót yfir í Stóru-Grjótá á byggingartíma steyptra mannvirkja í Tungufljóti og hins vegar flytja Stóru-Grjótá og aðrar kvíslar yfir í Tungufljót á byggingartíma stíflunnar. Einnig er gert ráð fyrir að grafa lítinn veituskurð vestan megin við Spænuhúsakvísl.

Þrýstipípan sem flytur vatnið frá inntaki að stöðvarhúsi verður niðurgrafin. Þvermál pípunnar verður um 3,2 m og lengd hennar um 1.700 m. Stöðvarhúsið verður ofanjarðar, á einni hæð, grafið inn í bakka Tungufljóts. Húsið verður 40 m breitt og 19,5 m langt. Um 8 m breiður og 240 m langur frárennisskurður verður grafinn frá stöðvarhúsinu niður í eystri kvísl Tungufljóts og í gegnum Brúarhólma yfir í vestari kvísl Tungufljóts. Einnig verður grafinn um 50 m langur skurður niður eystri kvíslina. Með þessu móti verður rennsli í kvíslum Tungufljóts neðan frárennisskurðar því sem næst núverandi rennsli í kvíslunum. Rennslisraði í skurðinum verður að jafnaði um 1,6 m/s. Gert er ráð fyrir að stífla vinstri (eystri) kvísl Tungufljóts varanlega með garði við efri enda Brúarhólma til að hindra að flóðvatn fari niður kvíslina og skilji eftir framburð í frárennisskurðingum. Mögulegt er að setja ræsi undir garðinn til að viðhalda lágmarks rennsli í kvíslinni.

Ofan við stöðvarhúsið verða tveir 33 kV aflspennar en virkjunin verður tengd með 33 kV jarðstreng inn á kerfi RARIK sem rekur dreifikerfið á svæðinu. Ráðgert er að leggja strenginn á vegsvæði frá Brú að Reykholti.

Um umfang framkvæmdar vísast að öðru leyti til framlagðra hönnunargagna.

4. Samræmi við skipulagsáætlanir

Að mati sveitarstjórnar er framkvæmdin í fullu samræmi við gildandi skipulagsáætlanir á svæðinu. Ráðist var í breytingar á Aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 í þágu fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda snemma árs 2017. Breytingarnar voru samþykktar í sveitarstjórn Bláskógabyggðar 2. mars 2017, staðfestar af Skipulagsstofnun 5. apríl 2017 og tóku gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda 26. apríl 2017. Samhliða vinnu við aðalskipulagsbreytinguna var unnið sérstakt deiliskipulag Brúarvirkjunar auk þess sem ráðist var í breytingar á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar. Deiliskipulagstillögurnar voru samþykktar í sveitarstjórn Bláskógabyggðar 2. mars 2017 og tóku gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda 20. mars 2017 (frístundabyggðin) og 2. maí 2017 (Brúarvirkjun). Í samræmi við 3. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana var lagt mat á áhrif tilvitnaðra skipulagsáætlana á umhverfið. Við matið var stuðst við fyrirliggjandi gögn um möguleg

umhverfisáhrif, en nokkuð ítarlegum gögnum hafði þá þegar verið safnað vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Á 207. fundi sveitarstjórnar 1. febrúar 2018 var afgreiðsla skipulagsnefndar á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Brúarvirkjunar lögð fram til samþykktar. Breytingartillagan felst fyrst og fremst í því að skilgreindar eru lóðir undir mannvirki auk smávægilegra breytinga á skilmálum. Tillagan var samþykkt samhljóða óbreytt og skipulagsfulltrúa falið að auglýsa gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda.

5. Umsagnir Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefndar

Í samræmi við 3. mgr. 61. gr. nr. 60/2013 um náttúruvernd og 2. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 liggja fyrir í málinu umsagnir Umhverfisstofnunar vegna breytinga sem gerðar voru í þágu virkjunaráforma á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 og deiliskipulagi Brúarvirkjunar, báðar dags. 28. nóvember 2016. Jafnframt liggja fyrir umsagnir Umhverfisstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum Brúarvirkjunar, dags. 15. mars 2016 og 8. apríl 2016, og umsögn 9. janúar 2018. Þá veitti stofnunin jafnframt umsagnir vegna tillögu að matsáætlun framkvæmdarinnar, dags. 14. ágúst 2015 og 25. september 2015.

Við málsmeðferð framkvæmdaleyfisumsóknar hefur jafnframt verið leitað umsagnar umhverfisnefndar Bláskógabyggðar vegna efnistöku og rasks á vistkerfum, dags. 24. janúar 2018, en samkvæmt samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Bláskógabyggðar nr. 592 frá 12. júní 2013 fer nefndin með hlutverk náttúruverndarnefndar skv. 14. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Eru því uppfyllt skilyrði 3. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, sbr. einnig 2. mgr. 13. gr. skipulagslaga.

6. Efnistaka

Ráðgert er að nota að miklu leyti efni úr uppgreftri fyrir skurðum og pípu eða úr farvegi Tungufljóts, ofan við stöðvarhúsið og úr malarnámu neðan Biskupstungnabrautar. Á mel, ofan Biskupstungnabrautar, er gert ráð fyrir að nýta efni sem kjarnaefni. Á svæðinu er einnig gert ráð fyrir haugsetningu efnis sem ekki nýtist í aðra hluta framkvæmdarinnar. Ráðgerð efnistaka nemur alls um 215.000 m³ og haugsetning er áætluð um 150.000 m³.

Áætluð efnistökusvæði eru fjögur talsins en haugsetningarsvæði þrjú:

Svæði A er 1,7 ha svæði innan lónstæðisins sjálfs og er áætlað magn sem á að haugsetja þar 35.000 m³.

Svæði B er áætlað neðan stíflunnar í botnrásarskurðinum. Svæðið er um 0,8 ha og áætluð efnistaka grjóts á því svæði er um 35.000 m³.


Svæði C er neðan við fyrirhugað stöðvarhús, en þar á að fara fram grjótnám. Áætluð efnistaka er 35.000 m³ en einnig er ætlunin að haugsetja á sama svæði 55.000 m³ eftir að grjótnám hefur farið fram.

Svæði D er fyrirhugað á mel á milli bæjarins Brúar og Tungufljóts. Þar er að finna jökulruðning sem HS Orka metur mjög hentugan til framkvæmdarinnar. Áætluð efnistaka á því svæði er

15.000 m³ en einnig er fyrirhugað að haugsetja á svæðinu 60.000 m³ af efni. Svæðið er um 4,3 ha og er upplásið og gróðurlítið.

Svæði E er malarnáma sunnan Biskupstungnabrautar en þar er áætluð efnistaka um 130.000 m³. Fram kemur nánar sé opin og að efni hafi verið numið úr henni í tugi ára.

Um staðsetningu og stærð efnistökusvæða, vinnsludýpi, magn og gerð efnis sem heimilt er að nýta, vinnslutíma og og frágang fer samkvæmt eftirfarandi mynd og töflu, sbr. mynd 3 og tafla 1 í greinargerð með umsókn:



Tafla 1 Efnistöku- og haugsetningarsvæði vegna framkvæmda við fyrirhugaða Brúarvirkjun.

	Stærð svæðis	Vinnsludýpi	Magn (m ³)		Gerð efnis	Vinnslutími	Frágangur
			Efnistaka	Haugsetning			
A	1,7 ha	+ 1 m vegna haugsetningar		35.000	----	2018-2020	----
B	0,8 ha	Frá 0 til 6 m	35.000	----	Grjót	2018-2020	Í samræmi við hönnun skurðarins
C	1,2 ha	+ 2 m vegna haugsetningar	35.000	55.000	Grjót	2018-2020	Land formað eftir næsta umhverfi, um 2 m yfir núverandi hæð, og sáð í það.
D	4,3 ha	+ 1 m vegna haugsetningar.	15.000	60.000	Jökulruðningur	2018-2020	Land formað eftir næsta umhverfi, um 1 m yfir núverandi hæð, og sáð í það.
E	9,5 ha	4-5 m	130.000	----	Sandur og mól	2018-2020	Gróðri og mold jafnað yfir svæðið.

Nánari upplýsingar um efnistöku- og haugsetningarsvæði má finna í greinargerð Mannvits um efnistöku og haugsetningu, dags. 11. ágúst 2016, en auk þess eru í Aðalskipulagi Biskupstungnahrepp 2000-2012 og deiliskipulagi Brúarvirkjunar skilgreindar efnisnámur og efnislosunarstaðir (haugsetning).

7. Lög og reglur

Sveitarfélag hefur farið yfir ákvæði laga um náttúruvernd og annarra laga og reglugerða sem koma til álita áður en framkvæmdaleyfi er veitt, þ.m.t. eftirfarandi:

- Skipulagslög nr. 123/2010
 - Sérstaklega var skoðað hvort umsókn HS Orku væri í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.
 - Litið var til 13. gr. skipulagslaga sem gildir almennt um framkvæmdaleyfi, og 14. gr., þar sem um er að ræða framkvæmdaleyfi vegna matsskyldrar framkvæmdar.
 - Eftir að hafa kynnt sér umsókn HS Orku um framkvæmdina er það skoðun sveitarstjórnar að framkvæmdin sé í samræmi við matsskýrslu Brúarvirkjunar og uppfylli þannig skilyrði 2. mgr. 14. gr. skipulagslaga.
 - Við undirbúning og afgreiðslu sveitarstjórnar var gætt ákvæða laga um náttúruvernd og annarra laga og reglugerða sem eiga við um málið, sbr. 4. mgr. 13. gr. skipulagslaga.
- Reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012
 - Meðal annars var horft til 7. gr. reglugerðarinnar. Það er mat sveitarstjórnar að umsókn HS Orku hf. um framkvæmdaleyfi, og fylgigögn með umsókn fullnægi 3. mgr. 13. gr. skipulagslaga, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 772/2012.
- Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd
 - Við meðferð umsóknarinnar var sérstaklega litið til 2. gr., 3. gr., 9. gr. og 61. gr. laganna.
 - Umhverfisstofnun hefur veitt umsögn um breytingar á Aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 og við deiliskipulag Brúarvirkjunar. Umsagnir stofnunarinnar liggja einnig fyrir um mat á umhverfisáhrifum í samræmi, sbr. 3. mgr. 61. gr. laganna.
 - Leitað var umsagnar umhverfisnefndar Bláskógabyggðar vegna framkvæmdaleyfis í samræmi við 3. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga.
- Lög nr. 80/2012 um menningarmínjar
 - Umsögn Minjastofnunar Íslands um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar er fyrirbyggjandi. Ekki á að vera hætta á að fornleifum verði raskað að því gefnu að farið verði eftir tilmælum Minjastofnunar Íslands. Fyrir liggur staðfesting stofnunarinnar á því að kröfum um merkingar fornleifa á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði virkjunarinnar sé fullnægt.
- Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum
 - Fyrirhuguð framkvæmd hefur sætt umhverfismati og hlotið umfjöllun í samræmi við ákvæði laga nr. 106/2000.
- Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana
 - Við endurskoðun Aðalskipulags Biskupstungnahrepps 2000-2012 vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda og vinnslu deiliskipulags Brúarvirkjunar var unnið að matsgerð í samræmi við lögin.
- Stjórnsýslulög nr. 37/1993
 - Sveitarstjórn kynnti sér ítarlega fyrirhugaða framkvæmd HS Orku, umhverfisáhrif hennar og öll fylgigögn sem fylgdu umsókninni auk annarra gagna í samræmi við rannsóknarreglu 10. gr. laganna.

- Sveitarstjórn telur að í ákvörðun sinni um útgáfu leyfis felist efni rökstuðnings sem uppfyllir áskilnað 22. gr. laganna. Hefur verið greint frá þeim meginsjónarmiðum sem ráðandi voru við afstöðu sveitarstjórnar í samræmi 1. mgr. 22. gr. laganna.
- Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011

8. Leyfi annarra leyfisveitenda

Framkvæmdin er háð eftirfarandi leyfisveitingum:

- Framkvæmdin er háð virkjunarleyfi Orkustofnunar skv. 4., 5. og 6. gr. raforkulaga nr. 65/2003.
- Framkvæmdin er háð byggingarleyfi Bláskógabyggðar skv. 9. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.
- Framkvæmdin er háð leyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 9 gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Þá veitir nefndin leyfi vegna efnistöku og landmótunar, sbr. reglugerð nr. 785/1999, og til reksturs steypustöðvar.
- Framkvæmdin er háð leyfi Fiskistofu skv. 33. gr. laga nr. 61/2006, um lax og silungsveiði.
- Framkvæmdin er háð leyfi Minjastofnunar Íslands ef óhjákvæmilegt reynist að hrófla við fornleifum skv. 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.
- Byggingarfulltrúi veitir byggingarleyfi samkvæmt 9. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010.
- Fiskistofa veitir leyfi til framkvæmdanna samkvæmt 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.
- Skógræktarstjóri veitir leyfi samkvæmt 6. gr. skógræktarlaga nr. 3/1955.

9. Bókun skipulagsnefndar og sveitarstjórnar

9.1. *Bókun skipulagsnefndar*

Eftirfarandi er bókun skipulagsnefndar frá 149. fundi nefndarinnar þann 25. janúar 2018:

Brúarvirkjun í Tungufljóti: Brú: Framkvæmdaleyfi – 1709053

Tekið er fyrir erindi dags 17. janúar 2018 frá HS Orku hf. þar sem þess er farið á leit við Bláskógabyggð að afgreiðsla á umsókn HS Orku hf., um framkvæmdaleyfi fyrir 9,9 MW virkjun í Tungufljóti, Brúarvirkjun, frá 12. október 2017, verði endurupptekin með hliðsjón af meðfylgjandi gögnum, umsóknin afgreidd og samþykkt og fyrri afgreiðsla, frá 12. október 2017, afturkölluð samtímis.

Sótt er um framkvæmdaleyfi á grundvelli 13. gr. sbr. 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. og 6. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 fyrir framkvæmdinni Brúarvirkjun. Um er að ræða allt að 9,9 MW vatnsaflsvirkjun í efri hluta Tungufljóts í Biskupstungum, nánar tiltekið á svæðinu frá frístundabyggð ofan Þjóðveggar austan við Geysi í Haukadalei og upp að landamörkum Brúar og Hóla. Sótt er um framkvæmdina á grundvelli Aðalskipulags Biskupstungnahrepps 200-

2012 og deiliskipulags Brúarvirkjunar í Tungufljóti, Brú.

Fylgigögn umsóknar eru eftirfarandi:

Greinargerð með umsókn um framkvæmdaleyfi, dags. 17. janúar 2018, ásamt eftirfarandi viðaukum:

Viðauki 1 – Strenglögn frá Brú að Reykholti

Viðauki 2 – Efnistaka og haugsetning

Viðauki 3 – Botngróður og flóra í birkiskógi í fyrirhuguðu lónstæði Brúarvirkjunar við ármót Stóru-Grjótár og Tungufljóts

Viðauki 4 – Straumendur við Tungufljót

Viðauki 5 – Vöktunaráætlun fyrir fugla og gróður vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Brúarvirkjun í Tungufljóti

Viðauki 6 – Samningur HS Orku og Skógræktarinnar um endurheimt birkiskógar og votlendis

Viðauki 7 – Samráð við Umhverfisstofnun um endurheimt votlendis og birkikjars

Viðauki 8 Tölvupóstur með samþykki eiganda Brúbisk ehf. um samning HS Orku hf. og Skógræktarinnar um endurheimt birkiskógar og votlendis vegna framkvæmda við Brúarvirkjun

Viðauki 9 – Drög að áætlun um vöktun á lífríki Tungufljóts eftir byggingu Brúarvirkjunar

1. Viðauki 10 – Samráð við Veiðifélagið Faxe og Veiðifélag Árnesinga

1. Viðauki 11 – Leyfi Fiskistofu

2. Viðauki 12- Samráð við Minjastofnun Íslands um merkingar fornleifa

Álit Skipulagsstofnunar

Matsskýrsla Brúarvirkjunar

Yfirlitsmynd

Umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, Bláskógabyggð vegna Brúarvirkjunar í Tungufljóti

Virkjunarleyfi, dags. 24. apríl 2017

Leyfi Fiskistofu, dags. 15. desember 2017

Að mati skipulagsnefndar er framkvæmdin í fullu samræmi við gildandi skipulagsáætlanir. Ráðist var í breytingar á Aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 í þágu fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda snemma árs 2017. Breytingarnar voru samþykktar í sveitarstjórn Bláskógabyggðar 2. mars 2017, staðfestar af Skipulagsstofnun 5. apríl 2017 og tóku gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda 26. apríl 2017. Samhliða vinnu við aðalskipulagsbreytinguna var unnið sérstakt deiliskipulag Brúarvirkjunar auk þess sem ráðist var í breytingar á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar. Deiliskipulagstillögurnar voru samþykktar í sveitarstjórn Bláskógabyggðar 2. mars 2017 og tóku gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda 20. mars 2017 (frístundabyggðin) og 2. maí 2017 (Brúarvirkjun). Í samræmi við 3. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana var lagt mat á áhrif tilvitnaðra skipulagsáætlana á umhverfið. Við matið var stuðst við fyrirbyggjandi gögn um möguleg umhverfisáhrif, en nokkuð ítarlegum gögnum hafði þá þegar verið safnað vegna mats á umhverfisáhrifum verkefnisins.

Við málsmeðferð umsóknar um framkvæmdaleyfi hefur verið aflað upplýsinga til að tryggja enn frekar að ákvörðun um veitingu framkvæmdaleyfis verði byggð á fullnægjandi grundvelli. Hafa öll fyrirbyggjandi gögn verið yfirfarin og rýnd. Skipulagsnefnd telur framlögð gögn fullnægjandi og í samræmi við skilyrði 3. mgr. 13. gr. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 6., 7. og 10. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Upplýsingar sem finna má í aðalskipulagi, deiliskipulagi, matsskýrslu og áliti Skipulagsstofnunar gera ítarlega grein fyrir framkvæmdinni og mögulegum áhrifum hennar á umhverfið, auk annarra fylgiskjala.

Framkvæmdin er matsskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og er

matsskýrsla, dags. 16. júní 2017, og álit Skipulagsstofnunar, dags. 20. september 2017, fyrirleggjandi. Umhverfismatsferlið hefur að mati skipulagsnefndar stefnt á því markmiði að halda umhverfisáhrifum í lágmarki og miðaði hönnun Brúarvirkjunar og staðsetning mannvirkja jafnframt að því að lágmarka eða draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum eins og kostur er.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal sveitastjórn, við umfjöllun um umsókn um framkvæmdaleyfi vegna matsskyldrar framkvæmdar, kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og kanna hvort framkvæmdin sé sú sem lýst er í matsskýrslu. Þá skal sveitarstjórn samkvæmt sama ákvæði taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Í þessu sambandi skal tekið fram að álit Skipulagsstofnunar er lögbundið en ekki bindandi fyrir sveitarstjórn. Þau þurfa skv. lögum nr. 106/2000 að fullnægja lágmarksskilyrðum um rökstuðning og efnisinnihald og er það forsenda þess að sveitarstjórn geti tekið ákvörðun um umsókn um framkvæmdaleyfi samkvæmt 14. gr. skipulagslaga að álitinu fullnægi þeim lagaskilyrðum.

Skipulagsnefnd hefur kynnt sér matsskýrslu framkvæmdarinnar og álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum vegna hennar. Fram kemur í matsskýrslu að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar felist í breyttri ásýnd fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og landslagi þess miðað við núverandi aðstæður. Fram kemur að í dag sé svæðið að mestu leyti ósnortið og einkennist af Tungufljóti og vel grónum bökkum. Að framkvæmdum loknum muni svæðið einkennast af umfangsmiklum mannvirkjum og skertu rennsli í Tungufljóti á um þriggja km löngum kafla. Áætlað framkvæmdasvæði er þó í nokkurri fjarlægð frá fjölförnum vegum og ferðamannastöðum og neikvæð sjónræn áhrif verða mest frá frístundabyggð í nágrenninu auk þess sem ferðamenn sem leggja leið sína upp með Tungufljóti munu verða fyrir áhrifum. Í meginráttum er niðurstaða matsskýrslunnar að áhrif á ásýnd frá vegum og ferðamannastöðum, fugla, jarðfræði og jarðmyndanir og fornleifar eru metin óveruleg, áhrif á önnur gróðurlendi en skóg og votlendi og skerðingar á veiðimöguleikum urriða og bleikju sem og á laxveiði og fiskræktarmöguleika lax í Ásbrandsá metin nokkuð neikvæð og áhrif á ásýnd frá frístundabyggðinni til norðurs og skógrækt og votlendi metin talsvert neikvæð.

Í matsskýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum samanburðar á sex framkvæmdakostum við austurbakka Tungufljóts sem teknir voru til skoðunar við forathugun. Auk þess var skoðað að staðsetja virkjunarmannvirki á vesturbakka Tungufljóts, en niðurstaða matsskýrslunnar er að sú framkvæmd myndi hafa meira rask í för með sér en ráðgerð staðsetning að austanverðu. Þá var einnig skoðaður núllkostur, þ.e. engin breyting á ríkjandi ástandi. Fram kemur að kostur 1-B hafi orðið fyrir valinu að teknu tilliti til sýnileika og samanburðar á landi sem færi undir mannvirki og inntakslón á hvert MW. Sá kostur þótti einnig hagstæður kostnaðarlega séð fyrir framkvæmdaraðila.

Í álit Skipulagsstofnunar, dagsett 20. september 2016, kemur fram að mat stofnunarinnar sé að matsskýrslan uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar felist í breyttri ásýnd fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og landslagi þess miðað við núverandi aðstæður. Svæðið er að mestu leyti ósnortið og einkennist að Tungufljóti og vel grónum bökkum þess enda um lina að ræða en slíkar ár eru ekki algengar á Íslandi og sjaldgæfar á heimsvísu. Að framkvæmdum loknum mun svæðið einkennast að misumfangsmiklum mannvirkjum og verulega skertu rennsli í Tungufljóti á um þriggja km löngum kafla. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er þó í nokkurri fjarlægð frá fjölförnum vegum og ferðamannastöðum og neikvæð sjónræn áhrif verða mest frá frístundabyggð í nágrenninu auk þess sem sjónræn áhrif á þá ferðamenn sem leggja leið sína upp með Tungufljóti frá núverandi þjóðvegi munu verða mjög neikvæð. Í ljósi þess sem er rakið hér að framan er það mat Skipulagsstofnunar að áhrif á ásýnd og landslag fyrirhugaðra framkvæmda verði talsvert

neikvæð.

Fram kemur í álitum Skipulagsstofnunar að fyrirhugað framkvæmdasvæði einkennist af gróskumiklu votlendi og skóglendi sem nýtur sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd og sem forðast skal að raska nema brýna nauðsyn beri til en nær allt framkvæmdasvæðið er mjög vel gróið. Áhrif á gróður verða því staðbundið talsvert neikvæð. Skipulagsstofnun telur að fyrirætlanir um endurheimt votlendis og birkikjars séu til þess fallin að draga úr áhrifum á gróður og telur að setja verði eftirfarandi skilyrði:

Í framkvæmdaleyfi þarf að koma fram á hvaða svæðum eigi að ráðast í endurheimt votlendis og birkikjars í samráði við Umhverfisstofnun, Skógræktina, sveitarfélag og landeigendur.

Þá setur Skipulagsstofnun fyrirvara við þá niðurstöðu að fyrirhugaðar framkvæmdir muni ekki koma til með að hafa mikil neikvæð áhrif á fugla. Bendir stofnunin á að ekki fóru fram fuglarannsóknir í lónstæðinu en þar er líklegt að sé auðugt fuglalíf og meðal annars hugsanlegt að þar finnist straumandavarp samkvæmt framlögðum gögnum. Skipulagsstofnun bendir á að straumönd er tegund á valista auk þess að vera ábyrgðartegund þar sem Ísland er eina landið í Evrópu sem tegundin verpir. Stofnunin telur því ljóst að óvissa er um áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á fugla og þá einkum á straumendur þar sem rannsóknir hafa ekki farið fram á lónstæðinu. Í ljósi ofangreinds telur Skipulagsstofnun nauðsynlegt að setja eftirfarandi skilyrði:

Í framkvæmdaleyfi þarf að koma fram að rannsakað verði hvort straumönd verpi í eða við lónstæði fyrirhugaðrar Brúarvirkjunar og svæði sem fer undir stíflumannvirki. Rannsóknin þarf að fara fram áður en framkvæmdir hefjast við stíflu eða lónstæðið. Ef rannsóknin staðfestir varp á svæðinu þarf, með vísan til 74. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, að bera það undir Náttúrufræðistofnun Íslands hvort nauðsynlegt sé að vakta afdrif straumandar að loknum framkvæmdum.

Að mati Skipulagsstofnunar verða áhrif á aðra umhverfisþætti, s.s. landnotkun, hljóðstig og ónæði, jarðmyndanir og vatnalíf telur Skipulagsstofnun, minni, eða nokkuð neikvæð til óveruleg. Ekki á að vera hætt á að fornleifum verði raskað að því gefnu að farið verði eftir tilmælum Minjastofnunar Íslands.

Skipulagsnefnd telur að á fullnægjandi hátt sé gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og umhverfi, umhverfisáhrifum, mótvægisáhrifum, vöktun og mati framkvæmdaáðila á þeim í matsskýrslu, álitum Skipulagsstofnunar og öðrum fyrirbyggjandi gögnum. Nefndin tekur undir niðurstöðu Skipulagsstofnunar um að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar felist í breyttri ásýnd fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og landslagi þess miðað við núverandi aðstæður. Þá er óumdeilt að vistkerfi sem njóta verndar 61. gr. náttúruverndarlaga, þ.e. votlendi og birkiskógur, verða fyrir áhrifum af framkvæmdinni. Skerðing votlendis og skóglendis vegna framkvæmdarinnar nær hins vegar ekki til stórs svæðis auk þess sem um er að ræða sneiðar af jaðri slíkra svæða. Skipulagsnefnd telur þó líkt og Skipulagsstofnun að nauðsynlegt sé að draga sem mest úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar með því vinna að endurheimt birkiskógar og votlendis sem hluta af mótvægisáðgerðum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar og með því að vakta afdrif straumandar að loknum framkvæmdum. Í þessu samhengi skal þess jafnframt getið að í aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 er jafnframt gerð krafa um að votlendi og gróður, þ.m.t. birki og víðir, verði endurheimt a.m.k. til jafns við það sem fyrirhuguð skerðing vegna Brúarvirkjunar tekur til. Ekki verði gefið út framkvæmdaleyfi fyrr en fyrir liggur hvar og hvenær ráðist verði í endurheimt birkiskógar og votlendis.

Hvað varðar fyrra skilyrði Skipulagsstofnunar, þá hefur HS Orka hf. gert samning við Skógræktina, sem jafnframt er umsjónamaður hluta landsins, um endurheimt votlendis og birkikjars sbr.

viðauka 6 með greinargerð umsóknar. Þar er samið um gróðursetningu 25 þúsund birkiplantna á alls 10 hektara svæði þar sem nú vex lúpína og endurheimt votlendis með uppfyllingu skurða í landi Mosfells í Grímsnesi. Um er að ræða a.m.k. jafn stórt votlendi og birkiskógur og raskað verður með framkvæmdinni. Verktími er ætlaður á árunum 2018 og 2019. Samningurinn hefur verið borinn undir Umhverfisstofnun og Brúbisk ehf., eiganda lands austan Tungufljóts, sem hafa samþykkt efni samningsins fyrir sitt leyti (viðaukar 7 og 8).

Hvað varðar síðara skilyrði Skipulagsstofnunar, þá hefur HS Orka leitað til Náttúrufræðistofnunar Íslands um rannsókn á straumöndum við Tungufljót, sbr. viðauki 4 með greinargerð umsóknar. Niðurstaða rannsóknar stofnunarinnar er sú að Tungufljót frá upptökum niður að brú er að stórum hluta líklegt varpkjörlendi straumanda og sá mikli fjöldi fugla sem þar hefur fundist bendi til þess að straumendur verpi á þessu svæði. Náttúrufræðistofnun Íslands lagði af þeim sökum til að straumendur við Tungufljót verði vaktaðar næstu fimm árin með samanburðartalningu á annarri sambærilegri á. Í því skyni hefur stofnunin unnið vöktunaráætlun fyrir HS Orku hf. fyrir fugla og gróður vegna framkvæmdanna, dags. 8. janúar 2018, sbr. viðauki nr. 5 með greinargerð umsóknar. Þar er auk þess gert ráð fyrir því að eftirfarandi þættir verði vaktaðir:

Endurheimt birkiskógar í landi Haukadals.
Endurheimt votlendis í landi Mosfells í Grímsnesi.
Grunnvatnsstöðu í votlendi.
Áfok og rof á bökkum lónsins.

Skipulagsnefnd leggur til að við útgáfu framkvæmdaleyfis verði, auk skilyrða sem getið er í álit Skipulagsstofnunar og skilyrða um efnistöku, sett skilyrði um vöktun umhverfisþátta til samræmis við tilvitnaða tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands um vöktunaráætlun fyrir fugla og gróður.

Þá liggur fyrir í málinu minnisblað Náttúrufræðistofnar Íslands um botngróður og flóru í birkiskógi í fyrirhuguðu lónstæði Brúarvirkjunar við ármót Stóru-Grjótár og Tungufljóts, sbr. viðauki 3 með greinargerð umsóknar. Í minnisblaðinu kemur fram að engar skráðar æðplöntutegundir válista eða friðaðar hafi fundist innan lónstæðisins og að nær allar tegundir sem fundist hafa eru algengar á landinu, finnast víða og eru yfirleitt í miklu magni. Langflestar eru með lágt eða fremur lágt verndargildi, á bilinu 1-3. Aðeins ein tegund æðplantna hefur hærra verndargildi, þ.e. jarðaber með verndargildið 4.

Í umsögn Minjastofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, dags. 18. mars 2016, segir að girða þurfi af tvö fornleifasvæði, ÁR-360:008 (beitarhús) og ÁR-360:017 (tóft), meðan á framkvæmdum stendur. Búið er að girða af þessar tóftir með girðingarstaurum og plastborðum. Fyrir liggur staðfesting Minjastofnunar á því að kröfum stofnunarinnar um merkingar fornleifa á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði virkjunarinnar sé fullnægt, sbr. viðauki 10 með greinargerð umsóknar.

Það er mat skipulagsnefndar að með þeim umhverfisrannsóknum sem hafa farið fram, þeirri endurheimt sem fyrirhuguð er og vöktunaráætlunum sem lagðar hafa verið fram hafi verið brugðist við skilyrðum Skipulagsstofnunar á fullnægjandi hátt í samræmi við álit stofnunarinnar.

Með vísan til 4. mgr. 13. gr. skipulagslaga er gætt að því að fylgt sé ákvæðum náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Umsótt framkvæmd hefur líkt og áður segir verið umhverfismetin og ekki er óvissa um áhrif framkvæmdar. Framkvæmd raskar svæðum sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, þ.e. birkikjarr- og skóglendi auk votlendis. Fyrir liggur að bein áhrif virkjunarinnar á gróður eru þau að mannvirki og inntakslón mun koma til með að raska gróðri á

rúmlega 10 hektara svæði. Af þessum 10 hekturum eru um 3 hektarar gróður sem ekki nýtur verndar náttúruverndarlaga. Í náttúruverndarlögum kemur fram að forðast beri að raska vistkerfum sem njóta verndar 61. gr. nema brýna nauðsyn beri til. Í frumvarpi laganna er brýn þörf skilgreind þannig að um ríka almannahagsmuni sé að ræða.

Um nauðsyn framkvæmdarinnar er fjallað á bls. 45-46 í matsskýrslu Brúarvirkjunar. Segir þar að virkjuninni sé ætlað að styrkja stöðu HS Orku á raforkumarkaði og stuðla þannig að virkri samkeppni almenningi til hagsbóta og stuðla að auknu raforkuöryggi uppsveita Árnassýslu. Aðrir almannahagsmunir af virkjuninni eru:

Almennt er virkjunin mikilvæg fyrir gæði raforku á dreifiveitusvæðinu, bætir spennugæði, tíðnistjórnun og eykur afhendingargetu til notenda.

Tilkoma virkjunar styrkir umtalsvert afhendingaröryggi á svæði þar sem mikið er um hlutfallslega straumfrekan gróðurhúsarekstur.

Með tilkomu virkjunarinnar gefst möguleiki á „eyjakeyrslu“ í tilvikum rafmagnsleysis þannig að halda má afmörkuðum hluta dreifikerfis raforku inni þrátt fyrir umlykjandi rafmagnsleysi.

Stofnkerfi raforku styrkist á stóru svæði með lagningu háspennustrengs frá jörðinni Brú, virkjunarstað, til Reykhólts, Biskupstungum.

Við innkomu rafmagnsframléiðslu inn á kerfi Rarik aukast möguleikar til rafmagnsdreifingar lengra til norðurs t.d. að Bláfelli (Neyðarlínan) og Kerlingarfjöllum verði stofnkerfi Rariks lagt þangað.

Færi gefst til frekari uppbyggingar ljósleiðarakerfis þar sem ljósleiðaralögn verður lögð með háspennustrengjum frá inntaksmannvirkjum virkjunar til tengistöðvar á í Reykholti. Það mun koma almenningi til góða enda getur Sveitarfélagið Bláskógabyggð nýtt sér þetta til hagsbóta fyrir íbúa.

Í þessu samhengi ber jafnframt að líta til þess að HS Orka hefur lagt mikla áherslu á mótvægisáðgerðir vegna fyrirhugaðrar Brúarvirkjunar, sbr. fyrri umfjöllun. Í ferlinu öllu hefur verið leitað umsagnar fjölda aðila sem hafa með náttúruvernd að gera, s.s. Skógræktar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og umhverfisnefndar Bláskógabyggðar. Enginn umsagnaraðila hefur lagst gegn framkvæmdinni. Með hliðsjón af eðli og umfangi fyrirhugaðrar skerðingar, fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og hagsmunum samfélagsins er það álit skipulagsnefndar að brýn nauðsyn réttlæti þau neikvæðu áhrif sem framkvæmdin hefur óneitanlega í för með sér. Lítur skipulagsnefnd í því samhengi einkum til þeirra almannahagsmuna sem uppi eru í málinu, þá sérstaklega hagsmuni íbúa af auknu raforkuöryggi.

Hvað varðar skilyrði 3. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga og 2. mgr. 13. gr. skipulagslaga er til þess að líta að í málinu liggja fyrir umsagnir Umhverfisstofnunar vegna breytinga sem gerðar voru í þágu virkjunaráforma á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 og deiliskipulagi Brúarvirkjunar, báðar dags. 28. nóvember 2016. Jafnframt liggur fyrir umsögn Umhverfisstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum Brúarvirkjunar, dags. 15. mars 2016, og umsögn 9. janúar 2018 sbr. viðauki 7. Við málsmeðferð framkvæmdaleyfisumsóknar hefur jafnframt verið leitað umsagnar umhverfisnefndar Bláskógabyggðar vegna efnistöku og rasks á vistkerfum, dags. 24. janúar 2018, en samkvæmt samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Bláskógabyggðar nr. 592 frá 12. júní 2013 fer nefndin með hlutverk náttúruverndarnefndar skv. 14. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Eru því uppfyllt skilyrði 3. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, sbr. einnig 2. mgr. 13. gr. skipulagslaga.

Í umsögn umhverfisnefndar Bláskógabyggðar er lögð áhersla á að ráðist verði í fyrirhugaða endurheimilt votlendis og birkikjarrs, sbr. álit Skipulagsstofnunar dags. 20. september 2016 og samning HS Orku hf. við Skógræktina. Jafnframt er áhersla lögð á að þeim vöktunaráætlun sem lýst er í umsókn HS Orku hf. verði fylgt eftir en umhverfisnefnd leggur jafnframt til að vöktunin standi fyrir á framkvæmdatímanum. Einnig leggur umhverfisnefnd til að framkvæmdir í Tungufljóti verði ekki á hrygningartíma laxa á tímabilinu 1. október – 20. nóvember eins og fram kemur í

umsögn Veiðifélags Árnesinga og tilgreint er í bréfi frá Fiskistofu til Matvits hf., dags. 15. desember 2016.

Hvað efnistöku varðar er samkvæmt umsókn ráðgert að nota að miklu leyti efni úr uppgreiftri fyrir skurðum og pípu eða úr farvegi Tungufljóts, ofan við stöðvarhúsið og úr malarnámu neðan Biskupstungnabrautar. Á mel, ofan Biskupstungnabrautar, er gert ráð fyrir að nýta efni sem kjarnaefni. Á svæðinu er einnig gert ráð fyrir haugsetningu efnis sem ekki nýtist í aðra hluta framkvæmdarinnar. Samanlagt nemur ráðgerð efnistaka alls um 215.000 m³ og haugsetning er áætluð um 150.000 m³. Með umsókninni fylgir ítarleg greinargerð um efnistöku- og haugsetningarsvæði sem gerir grein fyrir stærð, vinnsludýpi, magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi, og samráði vegna efnistöku, sbr. viðauki 2 með greinargerð umsóknar. Öll fyrirhuguð efnistöku- og haugsetningarsvæði eru í samræmi við skipulagsáætlanir sveitarfélagsins.

Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. skipulagslaga skal framkvæmdaleyfi til efnistöku gefið út til tiltekins tíma og skal í leyfinu gerð grein fyrir stærð efnistökusvæðis, vinnsludýpi, magni og gerð efnis sem heimilt er að nýta samkvæmt því. Skipulagsnefnd leggur til að í samræmi við fyrirmæli tilvitnaðs ákvæðis verði í útgefnu framkvæmdaleyfi sett fram nánari fyrirmæli um efnistöku til samræmis við upplýsingar sem fram koma í umsókn og greinargerð. Í ljósi þess að framkvæmdatími til að fullgera virkjunina er áætlaður um 20-24 mánuðir er lagt til að gildistími leyfis til efnistöku verði 24 mánuðir.

Að mati skipulagsnefndar eru lagaskilyrði til útgáfu umsóttis framkvæmdaleyfis. Fyrirhuguð umsókn er í samræmi við gildandi aðal- og deiliskipulag svæðisins ásamt skilyrðum sem fram koma í álit Skipulagsstofnunar. Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að umsókn HS Orku hf. vegna Brúarvirkjunar verði samþykkt og jafnframt verði skipulagsfulltrúa falið að gefa út framkvæmdaleyfið í samræmi við umsókn og framlögð gögn, reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 og auglýsa framkvæmdaleyfið. Útgáfa framkvæmdaleyfis skal háð því að skilyrði Skipulagsstofnunar og vöktunaráætlun Náttúrufræðistofnunar verði uppfyllt, sbr. 4. mgr. 10. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Í samræmi við tillögu umhverfisnefndar Bláskógabyggðar er jafnframt lagt til að vöktun standi yfir á framkvæmdatíma og að framkvæmdir í Tungufljóti verði ekki á hrygningartíma laxa, þ.e. tímabilinu 1. október – 20. nóvember. Tekið skal fram að samþykkt þessi á ekki við um framkvæmdir sem eru háðar byggingarleyfi skv. ákvæðum mannvirkjalaga nr. 160/2010 m.s.br.

9.2. Bókun sveitarstjórnar

Eftirfarandi er bókun sveitarstjórnar frá 207. fundi þann 1. febrúar 2018:

Mál nr. 10; Brúarvirkjun í Tungufljóti: Brú: Framkvæmdaleyfi – 1709053.

Tekið er fyrir erindi dags 17. janúar 2018 frá HS Orku hf. þar sem þess er farið á leit við Bláskógabyggð að afgreiðsla á umsókn HS Orku hf., um framkvæmdaleyfi fyrir Brúarvirkjun, frá 12. október 2017, verði endurupptekin með hliðsjón af meðfylgjandi gögnum, umsóknin afgreidd og samþykkt og fyrri afgreiðsla, frá 12. október 2017, afturkölluð samtímis.

Sveitarstjórn hefur yfirfarið beiðni HS Orku ásamt upplýsingum í greinargerð og fylgigögnum sem HS Orka hefur vísað til. Með vísan til rökstuðnings HS Orku fellst sveitarstjórn á að skilyrði til endurupptöku séu uppfyllt og að tilefni sé til þess að taka umsókn fyrirtækisins um framkvæmdaleyfi til nýrrar skoðunar.

Sótt er um framkvæmdaleyfi á grundvelli 13. gr. sbr. 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. og 6. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 fyrir framkvæmdinni Brúarvirkjun. Um er að ræða allt að 9,9 MW vatnsaflsvirkjun í efri hluta Tungufljóts í Biskupstungum, nánar tiltekið á svæðinu frá frístundabyggð ofan Þjóðvegjar austan við Geysi í Haukadal og upp að landamörkum Brúar og Hóla. Ráðgerð efnistaka nemur alls um 215.000 m³ og haugsetning er áætluð um 150.000 m³. Sótt er um framkvæmdina á grundvelli aðalskipulags Biskupstungnahrepps 2000-2012 og deiliskipulags Brúarvirkjunar í Tungufljóti.

Sveitarstjórn hefur kynnt sér umsókn HS Orku um framkvæmdaleyfi og fylgigögn, matsskýrslu framkvæmdarinnar, álit Skipulagsstofnunar og fyrirbyggjandi umsagnir. Það er mat sveitarstjórnar að framlögð gögn lýsi framkvæmdinni á fullnægjandi hátt, hönnunargögn séu fullnægjandi og að framkvæmdin sé í samræmi við mat á umhverfisáhrifum og gildandi skipulagsáætlanir, sbr. 10. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Fullt samræmi er á milli þeirrar framkvæmdar sem lýst er í matsskýrslu og umsóknar um framkvæmdaleyfi, ásamt þeim gögnum sem lögð eru fram með henni. Jafnframt er það mat sveitarstjórnar að fyrirhuguð umsókn sé í samræmi við gildandi aðal- og deiliskipulag svæðisins. Leitað hefur verið allra lögbundinna umsagna og liggja þær fyrir með umsókn um framkvæmdaleyfi. Gætt hefur verið að ákvæðum laga um náttúruvernd, laga um menningarminjar, skipulagslaga, reglugerðar um framkvæmdaleyfi og annarra laga og reglugerða sem við eiga.

Í álit Skipulagsstofnunar, 20. september 2016, segir að mat stofnunarinnar sé að matsskýrslan uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar felist í breyttri ásýnd fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og landslagi þess miðað við núverandi aðstæður. Svæðið er að mestu leyti ósnortið og einkennist af Tungufljóti og vel grónum bökkum þess enda um lindá að ræða en slíkar ár eru ekki algengar á Íslandi og sjaldgæfar á heimsvísu. Að framkvæmdum loknum mun svæðið einkennast að misumfangsmiklum mannvirkjum og verulega skertu rennsli í Tungufljóti á um þriggja km löngum kaffla. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er þó í nokkurri fjarlægð frá fjölförnum vegum og ferðamannastöðum og neikvæð sjónræn áhrif verða mest frá frístundabyggð í nágrenninu auk þess sem sjónræn áhrif á þá ferðamenn sem leggja leið sína upp með Tungufljóti frá núverandi Þjóðvegi munu verða mjög neikvæð. Í ljósi þess sem er rakið hér að framan er það mat Skipulagsstofnunar að áhrif á ásýnd og landslag fyrirhugaðra framkvæmda verði talsvert neikvæð.

Fram kemur í álit Skipulagsstofnunar að fyrirhugað framkvæmdasvæði einkennist af gróskumiklu votlendi og skóglendi sem nýtur sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd og sem forðast skal að raska nema brýna nauðsyn beri til en nær allt framkvæmdasvæðið er mjög vel gróið. Áhrif á gróður verða því staðbundið talsvert neikvæð. Telur Skipulagsstofnun því mikilvægt að ráðist verði í fyrirhugaða endurheimt votlendis og birkikjarrs og að setja verði eftirfarandi skilyrði:

1. Í framkvæmdaleyfi þarf að koma fram á hvaða svæði eigi að ráðast í endurheimt votlendis og birkikjarrs í samráði við Umhverfisstofnun, Skógræktina, sveitarfélag og landeigendur.

Þá setur Skipulagsstofnun fyrirvara við þá niðurstöðu að fyrirhugaðar framkvæmdir séu ekki taldar koma til með að hafa mikil neikvæð áhrif á fugla samkvæmt matsskýrslu. Telur Skipulagsstofnun þörf á að setja eftirfarandi skilyrði:

2. Í framkvæmdaleyfi þarf að koma fram að rannsakað verði hvort straumönd verpi í eða við lónstæði fyrirhugaðrar Brúarvirkjunar og svæði sem fer undir stíflumannvirki. Rannsóknin þarf að fara fram áður en framkvæmdir hefjast við stíflu eða lónstæðið. Ef

rannsóknin staðfestir varp á svæðinu þarf, með vísan til 74. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, að bera það undir Náttúrufræðistofnun Íslands hvort nauðsynlegt sé að vakta afdrif straumandar að lokum framkvæmdum.

Sveitarstjórn tekur undir álit Skipulagsstofnunar um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar og nauðsyn þess að draga sem mest úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar með því vinna að endurheimt birkiskógar og votlendis og með því að vakta afdrif straumandar að loknum framkvæmdum. Vísar sveitarstjórn sérstaklega til stefnu sveitarfélagsins skv. aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 um endurheimt votlendis og gróðurs til jafns við fyrirhugaða skerðingu vegna Brúarvirkjunar.

Hvað varðar fyrra skilyrði Skipulagsstofnunar hefur HS Orka gert samning við Skógræktina, sem jafnframt er umsónamaður hluta landsins, um endurheimt votlendis og birkiskjarrs sbr. viðauka 6 með greinargerð umsóknar. Þar er samið um gróðursetningu 25 þúsund birkiplantna á alls 10 hektara svæði þar sem nú vex lúpína og endurheimt votlendis með uppfyllingu skurða í landi Mosfells í Grímsnesi. Um er að ræða a.m.k. jafn stórt votlendi og birkiskógur og raskað verður með framkvæmdinni.

Hvað varðar síðara skilyrði Skipulagsstofnunar, þá hefur HS Orka leitað til Náttúrufræðistofnunar Íslands um rannsókn á straumöndum við Tungufljót, sbr. viðauki 4 með greinargerð umsóknar. Niðurstaða rannsóknar stofnunarinnar er sú að Tungufljót frá upptökum niður að brú er að stórum hluta líklegt varpkjörlendi straumanda og sá mikli fjöldi fugla sem þar hefur fundist bendi til þess að straumendur verpi á þessu svæði. Náttúrufræðistofnun Íslands lagði af þeim sökum til að straumendur við Tungufljót verði vaktaðar næstu fimm árin með samanburðartalningu á annarri sambærilegri á. Í því skyni hefur stofnunin unnið vöktunaráætlun fyrir HS Orku hf. fyrir fugla og gróður vegna framkvæmdanna, dags. 8. janúar 2018, sbr. viðauki nr. 5 með greinargerð umsóknar. Þar er auk þess gert ráð fyrir því að eftirfarandi þættir verði vaktaðir:

- Endurheimt birkiskógar í landi Haukadals.
- Endurheimt votlendis í landi Mosfells í Grímsnesi.
- Grunnvatnsstöðu í votlendi.
- Áfok og rof á bökkum lónsins.

Það er mat sveitarstjórnar að með þeim umhverfisrannsóknum sem hafa farið fram, þeirri endurheimt sem fyrirhuguð er og vöktunaráætlunum sem lagðar hafa verið fram hafi verið brugðist við skilyrðum Skipulagsstofnunar á fullnægjandi hátt í samræmi við álit stofnunarinnar. Engu að síður telur sveitarstjórn nauðsynlegt að gera það að skilyrði fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis að staðið verði við nefndan samning og vöktunaráætlun.

Þá hefur sveitarstjórn hefur kynnt sér umsögn umhverfisnefndar Bláskógabyggðar frá 24. janúar 2018 og bókun skipulagsnefndar frá 25. janúar 2018. Sveitarstjórn tekur undir þau sjónarmið sem þar koma fram og telur þau vera í fullu samræmi við áherslur og stefnu gildandi aðalskipulags Biskupstungnahrepps 2000-2012 og deiliskipulags Brúarvirkjunar. Í bókun skipulagsnefndar kemur fram það mat nefndarinnar að gerð sé fullnægjandi grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og umhverfi, umhverfisáhrifum, mótvægisáhrifum, vöktun og mati framkvæmdaaðila á þeim í matsskýrslu, álit Skipulagsstofnunar og öðrum fyrirbyggjandi gögnum. Skipulagsnefnd tekur undir mat Skipulagsstofnunar um að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar felist í breyttri ásýnd fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og landslagi þess miðað við núverandi aðstæður. Þá segir m.a. í bókun nefndarinnar að óumdeilt sé að vistkerfi sem njóta verndar 61. gr. náttúruverndarlaga, þ.e. votlendi og birkiskógur, verði fyrir áhrifum af framkvæmdinni. Skerðing votlendis og skóglendis vegna framkvæmdarinnar nái hins

vegar ekki til stórs svæðis auk þess sem um er að ræða sneiðar af jaðri slíkra svæða.

Sveitarstjórn telur ljóst að skipulagsnefnd hefur kynnt sér ítarlega umsóttu framkvæmd og fylgigögn og tekið rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, líkt og áskilið er í 2. mgr. 14. gr. skipulagslaga. Auk þess er í bókuninni fjallað ítarlega um skilyrði 13. gr. skipulagslaga og komist að rökstuddri niðurstöðu þess efnis að skilyrði ákvæðisins séu uppfyllt. Sveitastjórn tekur að öllu leyti undir bókun og rökstuðning skipulagsnefndar og gerir að sínum. Í því felst að sveitarstjórn tekur meðal annars undir þá afstöðu skipulagsnefndar að með hliðsjón af eðli og umfangi fyrirhugaðrar skerðingar, fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og hagsmunum samfélagsins að brýn nauðsyn beri til þeirrar skerðingar sem framkvæmdin hefur óneitanlega í för með sér á svæðum sem njóta verndar 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Sveitarstjórn telur samkvæmt framansögðu lagaskilyrði til útgáfu umsóttis framkvæmdaleyfis. Eftirfarandi skilyrði skulu gilda um framkvæmdaleyfið:

- Sveitarstjórn gerir þær mótvægisáðgerðir og verklag sem fram koma í matskýrslu og umsókn um framkvæmdaleyfi að skilyrðum fyrir framkvæmd.
- Sveitarstjórn gerir þá skilmála sem fram koma í greinargerð með deiliskipulagi Brúarvirkjunar að skilyrðum fyrir framkvæmd.
- Í framkvæmdaleyfi þarf að koma fram á hvaða svæðum eigi að ráðast í endurheimt votlendis og birkikjarrs í samræmi við samning milli HS Orku og Skógræktarinnar, dags. 27. september 2017.
- HS Orka skal ábyrgjast að fylgst verði með eftirfarandi þáttum í samræmi við skilyrði Skipulagsstofnunar og vöktunaráætlun Náttúrufræðistofnunar Íslands frá 8. janúar 2018:
 - Afdrif straumandar
 - Endurheimt birkiskógar í landi Haukadals
 - Endurheimt votlendis í landi Mosfells í Grímsnesi
 - Grunnvatnsstöðu í votlendi.
 - Áfok og rof á bökkum lónsins.
- Framkvæmdir skulu ekki eiga sér stað á hrygningartíma laxa, þ.e. á tímabilinu 1. október – 20. nóvember.
- Hafa ber samráð við landeigendur og eigendur frístundahúsa um leiðir til að draga úr ásýndaráhrifum framkvæmdarinnar.
- Framkvæmdaleyfi vegna efnistöku skal gefið út til 24 mánaða og skal í leyfinu gerð grein fyrir stærð efnistökusvæðis, vinnsludýpi, magni og gerð efnis sem heimilt er að nýta samkvæmt því og vinnslutíma, til samræmis við þær upplýsingar sem fram koma í umsókn, fylgigögnum og gildandi skipulagsáætlunum. Hafa ber samráð við Umhverfisstofnun um frágang á efnistökusvæðum.

Með vísan til framangreinds samþykkir sveitarstjórn afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að veita framkvæmdaleyfi fyrir Brúarvirkjun með þeim skilyrðum sem að framan greinir. Lagt er fyrir skipulagsfulltrúa að auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi og gefa út nýtt framkvæmdaleyfi að undangengnum framangreindum skilyrðum. Fyrri samþykkt um málið, frá 12. október 2017, er felld úr gildi. Tekið skal fram að samþykkt þessi á ekki við um framkvæmdir sem eru háðar byggingarleyfi skv. ákvæðum mannvirkjalaga nr. 160/2010 m.s.br.

10. Skilyrði

Eftirfarandi skilyrði eru sett samkvæmt 4. mgr. 13. gr. og 3. mgr. 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. og 4. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi:

10.1. Almennir skilmálar

Sveitarstjórn gerir þær mótvægisáðgerðir og verklag sem fram koma í matsskýrslu og umsókn um framkvæmdaleyfi að skilyrðum fyrir framkvæmd.

Lögð er áhersla á að HS Orka gæti þess vel að raska hvergi landi utan framkvæmdasvæðisins, auk svæðis fyrir vinnubúðir. Öll umferð vegavinnutækja verður bönnuð utan framkvæmdasvæðisins.

HS Orka skal hafa samráð við landeigendur og eigendur frístundahúsa um ásýndaráhrif. Nefnt hefur verið að mögulegt sé að gera jarðvegsmonn sunnan megin við fyrirhugað stöðvarhús og skerma þannig af ásýnd frá frístundabyggðinni til mannvirkjanna.

Í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða skal þess sérstaklega gætt að sem minnst ónæði verði af völdum hávaða.

Gert er að skilyrði að framkvæmd í Tungufljóti verði ekki á hrygningatíma laxa, þ.e. tímabilinu 1. október til og með 20. nóvember.

10.2. Skilmálar samkvæmt skipulagsáætlunum

Framkvæmdin er háð þeim skilmálum sem getið er um í deiliskipulagi Brúarvirkjunar, dags. desember 2016, sjá einkum 6. kafla greinargerðar.

Framkvæmdin er háð þeim skilmálum sem getið er um í Aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, sjá einkum 2.3. kafla greinargerðar með breytingu á Aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, dags. 21. febrúar 2017.

10.3. Skilmálar Skipulagsstofnunar

Í álitum Skipulagsstofnunar voru lögð til eftirfarandi skilyrði við veitingu framkvæmdaleyfis:

1. Í framkvæmdaleyfi þarf að koma fram á hvaða svæðum eigi að ráðast í endurheimt votlendis og birkikjarrs í samráði við Umhverfisstofnun, Skógræktina, sveitarfélag og landeigendur.
2. Í framkvæmdaleyfi þarf að koma fram að rannsakað verði hvort straumönd verpi í eða við lónstæði fyrirhugaðrar Brúarvirkjunar og svæði sem fer undir stíflumannvirki. Rannsóknin þarf að fara fram áður en framkvæmdir hefjast við stíflu eða lónstæðið. Ef rannsóknin staðfestir varp á svæðinu þarf, með vísan til 74. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, að bera það undir Náttúrufræðistofnun Íslands hvort nauðsynlegt sé að vakta afdrif straumandar að loknum framkvæmdum

Í greinargerð með umsókn um framkvæmdaleyfi kemur fram hvernig HS Orka hefur brugðist við og hyggst uppfylla nefnd skilyrði Skipulagsstofnunar, þ.m.t. með samningi um

mótvægisáðgerðir við Skógrækt ríkisins, rannsóknnum og vöktun. Útgáfa framkvæmdaleyfis er háð því að lýstum fyrirætlunum verði fylgt eftir.

10.4. Skilyrði um vöktun

Í samræmi við drög Náttúrufræðistofnunar Íslands að vöktunaráætlun fyrir fugla og gróður vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Brúarvirkjun í Tungufljóti, dags. 8. janúar 2018, er gert að skilyrði að eftirfarandi þættir verði vaktaðir á fimm ára tímabili í kjölfar framkvæmdanna.

- *Straumendur*: Lagt er til að straumendur við Tungufljót verði vaktaðar næstu fimm árin með samanburðartalningum á annari sambærilegri á. Brúará í Biskupstungum og þverár hennar eru hentugar til samanburðar þar sem þar er einnig töluvert af straumöndum. Gert er ráð fyrir að vöktunin fari fram með svipuðum aðferðum og nýttar voru sumarið 2017.
- *Endurheimt birkiskógar í landi Haukadals*: Lagt verði mat á árangur gróðursetningar og endurheimtar birkiskógar á 10 hektara svæði í Haukadals fyrstu fimm árin eftir gróðursetningu. Gróðursetning er áætluð þar sem alaskalúpína vex. Árangur gróðursetningarinnar má meta á einfaldan hátt með stöðluðum ljósmyndum og mælingum á lifun gróðursettra plantna. Ennfremur skal meta árangur í framvindu vistkerfisins.
- *Endurheimt votlendis í landi Mosfells í Grímsnesi*: Lagt verði mat á árangur endurheimtar votlendis í landi Mosfells í Grímsnesi. Matið ætti að fela í sér mælingar á grunnvatnsstöðu og gróðursamsetningu. Mæla þarf þessa þætti áður en mokað verður ofan í skurði og mælingar endurteknar í síðasta lagi að fimm árum liðnum og kanna hvort mótvægisáðgerðir hafi skilað tilætluðum árangri.
- *Grunnvatnsstöðu í votlendi*: Aðrennslispípan og vegur meðfram henni mun liggja að stórum hluta í gegnum votlendi. Lagt er til að fylgst verði með grunnvatnsstöðu í votlendinu í fimm ár eftir framkvæmdir til að kanna áhrif þeirra á votlendið og hvort ástæða sé til í að grípa til aðgerða til að viðhalda votlendinu.
- *Áfok og rof á bökkum lónsins*: Fylgst verði með mögulegu rofi á bökkum lónsins og áfoki upp frá því í fimm ár að loknum framkvæmdum. Verði vart við rofmyndun ætti að vakta þær breytingar sem verða og kanna möguleika á mótvægisáðgerðum.

Að fimm árum liðnum metur Náttúrufræðistofnun Íslands hvort ástæða sé til að vöktuninni verði haldið áfram og þá með hvaða hætti.

Í samræmi við tilmæli Hafrannsóknarstofnunar, dags. október 2017, eru sett skilyrði um vöktun á lífríki Tungufljóts. Eftir að virkjun er gangsett verði eftirfarandi rannsóknir gerðar árlega í fimm ár síðan verði annað hvert ár næstu 6 árin (þ.e. þrjú skipti í viðbót eða þar til liðin verða 11 ár frá því að starfsemi virkjunarinnar hófst):

- *Þörungur*: Lífmassi þörungur verður mældur og fengnar upplýsingar um skiptingu þeirra í grænþörungur, kísilþörungur og blágrænabakteríur. Endurteknar mælingar eða

sýnatökur verða á hverri sýnatökustöð. Magn og hlutföll þörunga á botni gefa vísbendingu um næringarástand þeirra árhauta sem sýnin eru tekin af.

- *Botndýr*: Botnsýni verða tekin af árbotninum til að fá upplýsingar um þéttleika og fjölbreytileika hryggleysingja. Botndýr verða flokkuð og greind til tegunda. Sýni af dýrum í reki verða tekin með háfi sem látinn verður veiða í tilsettan tíma. Hryggleysingjar á botni og í reki gefa til kynna fæðuframboð fyrir fiska auk þess geta magn og fjölbreytni hryggleysingja sagt til um ástand vatnakerfisins.
- *Flugnagildir*: Settar verða upp tvær rafrænar flugnagildir til að meta fjölda og göngur tvívængja. Gildra verði staðsett nær miðju áhrifasvæðis og önnur neðan áhrifasvæðis. Til að fá mælingar fyrir gangsetningu virkjunar verði gildir fyrst settar upp vorið 2018 og starfræktar til hausts.
- *Seiðarannsóknir*: Útbreiðsla fisks og seiðapöttleiki verður kannaður í Tungufljóti. Þar verði horft sérstaklega til svæða sem verða fyrir skerðingu á vatnsrennsli. Vísitala seiðapöttleika verður fundin eftir tegundum og aldri sem fjöldi veiddra seiða í rafveiði á 100 m². Veiddir fiskar verða lengdarmældir, vagnir og fæða þeirra greind og safnað sýnum til frekari úrvinnslu. Fiskar verði aldursgreindir af kvörnum og hreistri á rannsóknarstofu. Vöxtur seiðanna verður ákvarðaður út frá lengd og aldri.
- *Aðrar mælingar*: Gerðar verða mælingar á rafleiðni og sýrustigi (pH) árvatnsins í Tungufljóti og þverám þess. Auk þess verða tekin vatnssýni til efnagreininga þar sem áhersla verður lögð á magn næringarefna.

Eftirfarandi rannsókn verði gerð einu sinni eftir gangsetningu virkjunar:

- *Búsvæðamat fyrir laxfiska*: Búsvæðamat verður gert fyrir seiði laxfiska í farvegi Tungufljóts og þveráa í farvegi með skert rennsli vegna virkjunar. Dýptarpversnið tekið á köflum sem verða með skertu rennsli til að meta skerðingu á búsvæðum við lækkaða vatnsstöðu. Tilgangur þessa er að meta áhrif rennslisskerðingar á búsvæði laxfiska og vatnalífvera og mikilvægi þess svæðis sem verður með skertu rennsli fyrir uppeldi í ánni. Sýnataka mun fara fram á einni stöð í Stóru Grjótá, þar sem fyrirhugað er lón, tveimur stöðvum í Tungufljóti þar sem rennsli verður skert, og tveimur þar sem rennsli er óskert.

10.5. Efnistaka

Landi skal ekki raska nema innan afmarkaðra efnistökusvæða.

Frágangur á efnistökusvæðum skal ákveðinn í samráði við Umhverfisstofnun.

10.6. Fornminjar

Þess skal sérstaklega gætt að fornleifum verði ekki raskað.

Þrjár fornleifar (ÁR-360:008 (beitarhús), ÁR-360:017 (tóft) og ÁR-360:009 (Beitarhúsatóft), sem næstar eru fyrirhugaðri aðrennslispípu og vegi frá stöðvarhúsi að stíflustæði, hafa verið

girtar af í samræmi við tilmæli sem fram komu í umsögn Minjastofnunar um frummatsskýrslu. Fyrir liggur staðfesting Minjastofnunar á því að kröfum stofnunarinnar um merkingar fornleifa á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði virkjunarinnar sé fullnægt.

Minjastofnun Íslands verður gert viðvart ef áður óþekktar fornminjar finnast við framkvæmdir.

10.7. Samþykkt hönnunargögn

Framkvæmd skal samræmast samþykktum hönnunargögnum, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

10.8. Breytingar á framkvæmd

Tilkynna skal skipulagsfulltrúa um allar breytingar á framkvæmd.